


# SAMFELLA Í NÁMI BARNA



Hugmyndabæklingur



KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS



Eva Rós Tomasdóttir  
211176-3429  
Rán Árnadóttir  
280178-4389

Mai 2007  
Grunnskólabraut  
Leikskólabraut

„Ef hægt er að gera veröldina einfaldari,  
þannig að auðveldara sé fyrir börn að skilja hana,  
því ekki að notfæra sér það!“  
Dorothy Heathcote

**Mai 2007**



Útfrá niðurstöðum rannsóknar sem við gerðum tengda lokaverkefni okkar við Kennaraháskóla Íslands, ákváðum við að útbúa þennan hugmyndabækling og er hann hluti af verkefninu. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til að samstarf milli leikskóla og grunnskóla væri takmarkað. Einnig kom fram að elstu börnum leikskóla væri kynntur grunnskólinn með skípulögðum heimsónum, sem er gott í sjálfu sér en stuðlar ekki eitt og sér að samfelli í námi.

Þessum bækling er ætlað það hlutverk að koma á framfæri mögulegum leiðum til að styrkja samstarf leikskóla og grunnskóla og þar með auka samfelli í námi ungra barna og auðvelda þeim flutninginn milli skólastiganna. Þeir punktar sem við komum inn á hér byggja á niðurstöðum fyrnefndar rannsóknar, viðtalii höfunda við Guðlaugu Sjófn Jónsdóttur (2007) leikskóla- og grunnskólaökunnara, um samfelli í námi barna og samstarf skólastiganna, ásamt því námi sem við höfum stundað við Kennaraháskóla Íslands undanfarin ár.

Fram kemur í Aðalnámskrá beggja skólastigta áhersla á samvinnu milli skólastiganna til að auðvelda börnum flutning frá leikskóla í grunnskóla. Þar kemur m.a. fram að æskilegt sé að kennarar beggja skólastiganna þekki til starfsháttar og hugmyndafræði hvors annars og að þeir vinni í sameiningu að því að skapa samfelli milli skólastiganna (Aðalnámskrá grunnskóla 1999, Aðalnámskrá leikskóla 1999).

## HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. 1999.  
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.  
<http://www.isment.is/verfi/namskra/g/almennyt/almennur.html> [Sótt 4. apríl 2007].

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðlaug Sjófn Jónsdóttir. 2007. Viðtal höfunda við Guðlaugu Sjófn Jónsdóttur leikskóla- og grunnskólaökunnara um samfelli í námi barna og samstarf skólastiganna, 29 mars



## HVERNING MÆTTI STUDLA AÐ AUKINNÍ SAMFELLI Í NÁMI UNGRA BARNA

## SAMSKIPTI OG SAMSTARF

Fjölmargar leiðir eru færar til að stuðla að aukinni samfelli í

námi ungra barna. Þar skipta samskipti og samstarfsvíji höfuðmáli. Fram skal tekið að mikilvægt er að kennurum

beggið skólastiga séu búnar aðsteður til að sinna samstarfinu.

Leikur skipar vergamikið hlutverk í lífi barna. Börn læra gegnum leikinn. Þar af leiðir að kjörið er fyrir kennara begjja skólastiga að nýta leikinn á markvissann hátt til að stuðla að aukinni samfelli í námi barna.

Eflaust eru margvislegar leiðir færar til að betrumbæta samstarf milli skólastiganna sem ekki eru taldar fram hér. Öll viðleitni til að auka samstarf milli skólastiganna, með það í huga að studla að aukinni samfelli í námi barna, hlýtur að vera af hinu góða.

- Vanda verður til samskipta milli skólastiganna. Göð samskipti eru grundvöllurinn að farsælu samstarfi.
- Bæði skólastiginn þurfa að vera tilbúin til að sýna frumkvæði að samstarfi.
- Æskilegt væri að komið yröði á fagfundum milli skólastiganna. Þar væri kominn umræðugrunnvöllur til að ræða hugmyndafræðilega og kennslufæðilega sýn begjja skólastiga og hvatð bæri að leggja áherslu á innan samstarfsins.
- Til dæmis gætu áherslupættir orðið íslenska og stærðfræði. Leikskólanir væru þá markvisst að leggja grunn að lestrar og stærðfræði námi barna í samvinnu við grunnskólanu. Leikskólanir gætu verið að vinna með námsefnið „Markvissa málörvun“ sem grunn að lestrarskilningi, ásamt því að vinna með stærðfræði þannig að bönnin öðlist ákvæðinn tahnaskilning.
- Ein leið væri að gera breytingaáætlun fyrir flutning milli skólastiga t.d. fyrir hvert og eitt skólahverfi. Í því skyni væri gott að skipa teymi. Innan teymisins yrðu bæði kennarar frá grunnskólum, leikskólum, foreldrar og fagaðilar tengdir skólastigum. Hlutverk teymisins væri að gera breytingaáætlun, þar sem samfella í námi ungra barna væri höfð að leiðarlíði. Þessi breytingaáætlun yröði þar með sameiginleg fyrir alla skóla hverfisins.
- Koma á samráðsfundum leikskólakennara og grunnskólkennara. Einnig gæti nýst að koma á sameiginlegum undirbúnningstíma fyrir kennara yngri bekkjá í grunnskólum og kennara elstu barna í leikskólum.
- Koma á skilafundum – frá leikskólanum til grunnskólans, - þar sem farið er yfir stöðu barna/barnahópsins.



DÆMI UM ADFERDIR SEM GETU NÝST TIL AD AUDVELDA BÖRNUM  
FLUTNING MILLI SKÓLASTIGA

- Elstu börnum leikskóla fái t.d. mörög tækifæri til að koma reglulega í grunnskólanum síðasta veturinn fyrir upphaf grunnskólagöngu.
- Heimsóknir með leikskólaðennara til að skoða húsnæði grunnskóla og leiksvæði.
- Ferðir leikskólabarna á bókasafn grunnskóla, t.d. tengt vinnu við verkefni, til að hlusta á sögu, eða fá lánaðar bækur.
- Leikskólabörn fái íþróttatíma í þróttahúsi grunnskóla með íþróttakennara, reglulega allan síðasta veturinn á leikskóla.
- Leikskólabörn fái að koma í heimsóknir inn í fyrsta þekk, vera með einum og einum tíma, mögulega vinnu sameiginlegt verkefni með grunnskólabörnum. Eða fái að koma í myndmenntartíma, danstíma eða heimilisfræði.
- Grunnskólabörn í fyrsta og jafnvel öðrum þekk komi reglulega í leikskólanum, vinni að sameiginlegum verkefnum með elstu börnum leikskóla. Segi frá hvverig er að vera í grunnskóla.



- Elstu börnum leikskóla sé boðið á leiksýningar og hátiðir í grunnskólanum, yngri bekkjum grunnskólaans sé sömuleiðis boðið á leiksýningar og hátiðir í leikskólam.
- Yngri bekkir grunnskólaans séu lestravinir elstu barna leikskóla.
- Skipulagðar heimsóknir barna í yngri bekkjum grunnskóla í leikskóla.
- Farið sé í sameiginlegar vettvangsferðir með börn í yngri bekkjum grunnskóla og elstu börn í leikskólam.
- Körnunaraðferðin (the project approach) sé nýtt í vinnu með börnum í yngstu bekkjum grunnskóla og elstu börnum á leikskóla. T.d. gætu börn úr yngri bekkjum grunnskóla og elstu börn leikskóla verið að vinna í sameiningu við að kannna viðfangsefni, að hluta eða í heild.
- Leikurinn sé markvisst notaður sem kennsluáðferð í grunnskólanum til að stuðla að aukinni samfelli á milli skólastiganna.